

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2020

Þann 8. október sl. voru drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa birt til umsagnar á vef Persónuverndar.

Eins og fram kemur á vef embættisins var Creditinfo Lánstrausti hf., sem er fjárhagsupplýsingastofa sem starfar á grundvelli starfsleyfis frá Persónuvernd, veittur kostur á að gera athugasemdir við drögin á fyrri stigum.

Creditinfo vill byrja á að þakka Persónuvernd fyrir vel ígrundaðar breytingar á fyrri drögum og fyrir að taka til skoðunar þær tillögur að breytingum sem Creditinfo lagði fram.

Creditinfo hefur fullan skilning á því að Persónuvernd hafi um nokkurra missera skeið kosið að framlengja gildistíma starfsleyfa félagsins í stað þess að gefa út nýja leyfisskilmála þar sem reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga hjá fjárhagsupplýsingastofum á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hefur ekki verið sett. Gera má ráð fyrir að ákvæði nýrrar reglugerðar muni hafa áhrif á efni leyfisskilmála fjárhagsupplýsingastofa, enda er í dag byggt á ákvæðum úr að verða tveggja áratuga gamalli reglugerð.

Creditinfo fagnar jafnframt þeim áformum Persónuverndar að gefnir verði út uppfærðir skilmálar í starfsleyfum fjárhagsupplýsingastofa. Félagið telur mikilvægt að á meðan ekki hafa verið sett nánari ákvæði um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust í reglugerð eða löggjöf um efnið, eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum, verði slíkir skilmálar endurskoðaðir með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur heimila.

Örar tækniframfarir hafa orðið á undanförunum árum á fjármálasviðinu sem kalla á breyttar reglur um aðgengi og notkun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Fjártækni hefur rutt sér til rúms, ríkari kröfur eru gerðar til lánveitenda um öflun upplýsinga um fjárhagsstöðu einstaklinga, aðgengi að lánsfé er orðið mun meira en áður og innheimtuhættir hafa breyst meðal annars með tilkomu innheimtulaga.

Fjárhagsupplýsingastofur gegna mikilvægu hlutverki fyrir fjármálamarkaðinn, fyrir efnahagslífið í heild sinni en ekki síst fyrir neytendur og er því mikilvægt að regluverkið styðji við þá framþróun sem orðið hefur til þess að slík stofa geti sinnt hlutverki sínu. Að mati Creditinfo er orðið afar brýnt að löggjafarvaldið og/eða framkvæmdarvaldið setji skýrar reglur sem tryggja gott aðgengi að fjárhagsupplýsingum og skilvirka miðlun þeirra, þar sem persónuverndar og upplýsingaöryggis er gætt í hvívetna. Slíkt aðgengi er nauðsynlegt til að mæta þörfum atvinnulífsins og til þess að tryggja vernd neytenda, þá vernd að neytendur skuldsetji sig ekki um efni fram sem og að tryggja sem best kjör fyrir skilvísa neytendur.

Creditinfo telur að með þeim beytingum sem gerðar voru á fyrri drögum hafi verið stigin skref í rétta átt en enn séu mikilvægir þættir sem þarfnist breytinga sem rúmast geta innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur heimila.

Í umsögn þessari er leitast við að koma á framfæri ábendingum Creditinfo um þá þætti sem félagið telur að gera þurfi breytingar á í þeim starfsleyfisskilmálum fyrir fjárhagsupplýsingastofur sem nú liggja fyrir.

1. Inngangur

Gríðarlegur fjöldi útlána til einstaklinga fyrir síðasta efnahagshrun var ekki einangraður við Ísland heldur átti við víðast hvar í Evrópu. Til að sporna við hættulegri þróun og ábyrgari lánveitingum í ríkjum álfunnar var tilskipun nr. 2008/48/EB um neytendalán sett. Eitt af meginmarkmiðum tilskipunarinnar var aukin neytendavernd.

Neytendasamtök beittu sér fyrir ábyrgari lánveitingum og árið 2009 segir þáverandi formaður Neytendasamtakanna í grein sinni í Neytendablaðinu að samtökin hafi í baráttu sinni ítrekað að engum sé í hag að fá lán umfram greiðslugetu, þar sem slíkt leiði einungis til skuldavandræða þegar fram líða stundir.¹

Í framangreindri tilskipun, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 33/2013 um neytendalán, segir að aðildarríkin skuli tryggja að lánveitandi meti lánshæfi neytandans áður en lánasamningur er gerður á grundvelli fullnægjandi upplýsinga, sem fengnar eru frá látakanum sjálfum eða á grundvelli upplýsinga í viðeigandi gagnasafni ef nauðsyn krefur. Aðildarríkjum er í sjálfvald sett hvernig þau tryggja að lánveitendur framkvæmi viðeigandi lánshæfismat.

Á þeim tíma sem framangreind lög voru sett eru lánveitendur í landinu tiltölulega fáir og tryggð einstaklinga við viðskiptabankann algeng, jafnvel frá einum ættlið til annars. Lánafyrirtæki sem buðu lán með skjótvirkum hætti á vefsvæðum sínum voru þó farin að skjóta upp kollinum. Viðskiptasögu var því oftast til að dreifa til að meta lánshæfi og reglurnar hafa væntanlega tekið mið af þeirri staðreynd. Á undanförunum árum hefur þróun á lánamarkaði verið gífurleg með framgangi fjártækninnar sem hefur leitt af sér bættu þjónustu og aukna skilvirkni. Aðgengi neytenda að lánsfé hefur aukist og er nú orðið auðvelt að taka lán á netinu hratt og örugglega, jafnvel hjá mörgum lánveitendum í einu. Þessi öra þróun í fjártækni hefur leitt til þess að lánveitendur vilja innleiða starfrænar og sjálfvirkar lausnir til að geta metið lánshæfi lántaka sinna á skjótvirkan og hlutlægan hátt og hafa gert það í ríkum mæli. Þróunin hefur jafnframt leitt til þess að skuldsetning neytenda er auðveldari og því nauðsynlegt að upplýsingar um skuldsetningu, vanskil og mat á líkum á vanskilum séu aðgengileg lánveitendum til að tryggja neytendavernd.

Skortur á aðgengi að upplýsingum um skuldsetningu neytenda og skortur á upplýsingum um vanskil getur valdið því að erfitt er að spá fyrir um líkindi þess að viðkomandi geti efnt lánasamning réttilega. Það er ljóst að lánveitendur sem ekki eiga viðskiptasögu um lántaka eiga í það minnsta erfitt með að meta lánshæfi þeirra með fullnægjandi hætti og uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um neytendalán. Þá er rétt að benda á að samkvæmt lögum um neytendalán getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á þá lánveitendur sem uppfylla ekki skilyrði laganna um gerð lánshæfismats. Það að hver og einn lánveitandi meti lánshæfi og haldi

¹ Jóhannes Gunnarsson, „Ábyrgar lánveitingar: raunhæft greiðslumat“ [2009] Neytendablaðið 13.

Úti einhvers konar lánshæfismatslíkani er kostnaðarsamt og neytendum ekki til hagsbóta og hefur þróunin verið sú í nágrannalöndunum, sem og annars staðar í hinum vestræna heimi, að fjárhagsupplýsingastofur vinni lánshæfismat byggt á upplýsingum sem nýtast við gerð slíks mats. Víða er lánshæfismat ekki eingöngu notað við mat á lánshæfi vegna veitingu neytendalána heldur einnig vegna viðskipta með alls kyns vörur og þjónustu til að tryggja neytendavernd og jafnframt til að draga úr afskriftum krafna sem koma almenningi til góða í lægra verði vöru og þjónustu og betri vaxtakjara.

Töluvert hefur á undanförunum misserum verið rætt um lán sem veitt eru til skamms tíma fyrir lágum fjárhæðum og hefur því meðal annars verið haldið fram að slík lán valdi hvað mestum vanda hjá neytendum og séu vísbending um versnandi fjárhagsstöðu einstaklinga undir vissum kringumstæðum. Auðvelt er fyrir neytanda að taka mörg skammtímalán á stuttum tíma án þess að lánveitandi stöðvi fyrirgreiðslu og er það meðal annars vegna þess að aðgengi að upplýsingum um skuldastöðu er lítið sem ekkert og skilyrði til skráninga upplýsinga á vanskilaskrá hafa verið háð fjárhæðamörkum og því að löginheimta sé hafin. Lánveitendur sem lána lággar fjárhæðir eða veita þjónustu fyrir lágum mánaðarlegum fjárhæðum, hafa átt erfitt með að innheimta kröfur þar sem lögfræðiiinnheimta er of kostnaðarsöm og skráning á vanskilaskrá er ekki tæk. Það er því enginn hvati fyrir skuldara að greiða upp vanskil sem leiðir til aukinna afskrifta lánveitenda og þjónustuaðila og aukinnar skuldsetningar og skuldavanda neytenda. Auknar afskriftir leiða svo til verri kjara fyrir stærstan hluta neytenda, þ.e. þeirra sem eru skilvísir.

Ein af tillögum starfshóps um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi² til úrbóta var að skoða hvort breytinga sé þörf varðandi aðgengi lánveitenda að upplýsingum um skuldsetningu neytenda í tengslum við mat á lánshæfi en í skýrslunni kom fram að eftir því sem aðgengi að lánsfé verður aðgengilegra þeim mun auðveldara verður fyrir neytanda að taka mörg skammtímalán á stuttum tíma án þess að lánveitendum sé kunnugt um það, sem eykur líkurnar á því að lánshæfismat þeirra byggist ekki á áreiðanlegum upplýsingum og að afleiðingar þess kunni að birtast í auknum vanskilum neytenda. Þá ber að líta til þess að slíkar upplýsingar geta verið jákvæðar og gefið vísbendingar um góða stöðu og skilvísi einstaklinga.

Eins og fram kemur í greinargerð með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga geymir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 engin ákvæði sem lúta að vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni. Hafa aðildarríki því svigrúm til að setja sérreglur um þau efni innan ramma reglugerðarinnar.

Í sumum ríkjum hafa verið settar ítarlegar reglur um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni hvort heldur í sérlögum eða inni í ákvæðum almennrar persónuverndarlöggjafar. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa um allt nokkurt skeið verið í gildi lög um vinnslu fjárhagsupplýsinga og hafa Norðmenn nýlega samþykkt slíka löggjöf. Danir hafa valið þá leið að setja inn í persónuverndarlögin ákvæði um vinnslu fjárhagsupplýsinga.

Einu reglurnar sem gilda hér á landi um þetta mikilvæga svið, sem settar hafa verið af löggjafar- og framkvæmdarvaldinu, er 15. gr. laga nr. 90/2018 sem kveður á um að starfræksla fjárhagsupplýsingastofa og vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust skuli bundin starfsleyfi frá Persónuvernd og ákvæði reglugerðar frá árinu 2001 um söfnun og miðlun

² Skýrsla starfshóps unnin fyrir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi og tillögur til úrbóta [Janúar 2019]

upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem heldur gildi sínu þar til ný reglugerð hefur verið sett um sama efni með vísan til framangreinds ákvæðis nýju persónuverndarlaganna.

Lagaumhverfið hefur breyst gífurlega frá árinu 2001 með setningu og/eða breytingum á mikilvægum lagabálkum. Má þar nefna lög um neytendalán, innheimtulög, lög um ábyrgðarmenn, lög um greiðsluþjónustu, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Til að varpa ljósi á þær miklu breytingar sem orðið hafa á tveimur áratugum má geta þess að fyrsti netbankinn var opnaður árið 1996³, Landsbanki og Búnaðarbanki eru einkavæddir árið 2002, snjallsímar eins og við þekkjum þá í dag koma á markað árið 2007 og Fintech tækni í fjármálaþjónustu fer að ryðja sér til rúms töluvert eftir að framangreind reglugerð er sett. Það er því ljóst að þau reglugerðarákvæði sem nú eru í gildi eru gengin sér til húðar.

Samanburður við hin norrænu löndin sýnir að þar er fyrirtækjum og stofnunum veittar víðtækari heimildir en hér á landi til að safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga⁴.

Þegar vísað er til þess að eðlilegt sé að hafa hliðsjón af framkvæmd og löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum, s.s. þess hver séu skilyrði til skráninga á vanskilaskrá og aðgengi að upplýsingum við vinnslu lánshæfismats, þarf að horfa heildsætt á þær reglur sem þar gilda og þær heimildir sem fjárhagsupplýsingastofum eru veittar. Hér þarf í senn að horfa til persónuverndar, neytendaverndar sem og þarfa atvinnulífsins og þurfa reglurnar að styðja við alla framangreinda þætti.

2. Lánshæfismat

Ákvæði laga nr. 33/2013 eru frekar rýr þegar kemur að gerð lánshæfismats, en fram kemur að lánveitanda sé skylt að framkvæma slíkt mat áður en samningur um neytendalán er gerður og sé óheimilt að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi leiðir í ljós að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum með lánið. Af greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 33/2013 má þó ráða að lánshæfismat skuli m.a. byggt á skilvísi og greiðslusögu. Reglugerð um lánshæfismat-og greiðslumat nr. 920/2013 bætir ekki miklu við en segir að lánshæfismat skuli byggt á viðskiptasögu milli lánveitanda og lántaka og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust og að í þeim tilfellum sem engri viðskiptasögu er til að dreifa sé lánveitanda heimilt, að fengnu samþykki lántaka, að byggja mat sitt eingöngu á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Í úrskurðum Persónuverndar hefur komið fram að ljóst sé að rík áhersla er lögð á að gert sé áreiðanlegt lánshæfismat í aðdraganda samnings um neytendalán. Áreiðanlegt lánshæfismat verði að byggja á gagnlegum og áreiðanlegum upplýsingum sem séu til þess fallnar að spá fyrir um líkur á vanskilum í náinni framtíð.

Það er mat starfshóps um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi⁵ að miðlun upplýsinga um skuldsetningu neytenda varði lánveitendur miklu fyrir lánshæfismat sem á að veita áreiðanlegar

³ Mbl.is 30. júlí 1996 : „Íslandsbanki opnar Heimabanka á alnetinu“

⁴ Rebekka Bjarnadóttir : „Vinnsla persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust“ (lokaritgerð ML í lögfræði, júní 2020)

⁵ Skýrsla starfshóps unnin fyrir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi og tillögur til úrbóta [Janúar 2019] Kafli 8.11

vísbindingar um líkindi þess að neytandi hafi greiðslugetu til að efna skuldbindingar sínar sbr. 10. gr. laga um neytendalán. Skylda lánveitenda til að framkvæma lánshæfismat hafi það að markmiði að koma í veg fyrir óábyrgar lánveitingar, þ.e. koma í veg fyrir að lán séu veitt til neytenda sem hafa ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum og koma þannig í veg fyrir að þeir lendi í fjárhagserfiðleikum. Starfshópurinn telur að með hliðsjón af því verði að telja mikilvægt að lánveitendur hafi aðgengi að upplýsingum sem eru til þess fallnar að bæta mat þeirra á greiðslugetu neytenda enda sé það til hagsbóta fyrir alla. Starfshópurinn vekur athygli á að til að tryggja eðlilega samkeppni á markaði þurfi slíkar upplýsingar að vera aðgengilegar öllum lánveitendum.

Áður en vikið er að þeim athugasemdum sem Creditinfo vill koma á framfæri vegna heimilda til vinnslu lánshæfismats er rétt að líta til vinnslu mats á lánshæfi á Norðurlöndum, einkum í Noregi og í Danmörku, þeim löndum sem Ísland ber sig gjarnan saman við þegar kemur að setningu laga og reglna.

Skilyrði skráninga á vanskilaskrá hjá fjárhagsupplýsingastofum í Noregi eru ekki ósvipuð þeim sem hafa verið í gildi hér á landi. Hér þarf þó að horfa til þess að fjárhagsupplýsingastofur hafa heimild til að nýta upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga við gerð lánshæfismats.

Haustið 2017 gáfu Norðmenn út lög um vinnslu skuldaupplýsinga við mat á lánstrausti einstaklinga og komu löggin að fullu til framkvæmda haustið 2019 en þá var öllum lánveitendum skylt að gera aðgengilegar upplýsingar um lánveitingar og stöðu þeirra. Slíkar upplýsingar eru aðgengilegar lánveitendum og einnig fjárhagsupplýsingastofum sem er heimilt að nýta þær við gerð lánshæfismats. Við lagasetninguna horfðu Norðmenn til vinnslu slíkra upplýsinga í Svíþjóð en þar hefur verið rekinn skuldagrunnur í sama tilgangi frá því á áttunda áratugnum. Einnig litu Norðmenn til skuldagrunna víða í Evrópu, s.s. í Belgíu, Lettlandi, Þýskalandi og Hollandi.

Norðmenn nýta því bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar við gerð lánshæfismats. Upplýsingar um skuldastöðu í rauntíma við gerð lánshæfismats tryggir að matið verður áreiðanlegra og kemur í veg fyrir að lántakar geti skuldsett sig víða á skömmum tíma. Það að lánshæfismat taki mið af skuldastöðu og vanskilum á fyrri stigum og stöðvi fyrirgreiðslu hefur þau áhrif að meiri líkur eru á að einstaklingur greiði vangoldnar kröfur áður en kemur að kostnaðarsamari innheimtu, skráningu á vanskilaskrá og frekari skuldsetningu.

Í Danmörku eru vanskil annars vegar skráð á svokallaða opna skrá og hins vegar lokaða. Vanskil á bilinu 200-1.000 DKK eru skráð á lokuðu skrána en fari heildarvanskil yfir 1.000 DKK eru vanskil skráð á opna skrá. Skuldir við hið opinbera þurfa að nema að lágmarki 7.500 DKK til að hægt sé að skrá vanskil á vanskilaskrána. Önnur skilyrði skráninga eru að 30 dagar séu liðnir frá gjalddaga og að einstaklingur hafi fengið þrjár tilkynningar um skuldina með 10 daga millibili. Síðasta tilkynning þarf að upplýsa viðkomandi um að ef krafan verði ekki greidd verði hún skráð á vanskilaskrá. Jafnframt fær skuldari bréf um fyrirhugaða skráningu frá fjárhagsupplýsingastofunni. Á meðan opinber réttargjörð sem staðfestir skuldina liggur ekki fyrir getur hinn skráði andmælt skráningu hennar. Fjárhagsupplýsingastofur mega ekki miðla upplýsingum af lokuðu skránni, en mega hins vegar nýta þær upplýsingar við gerð lánshæfismats. Fjárhagsupplýsingastofum er þó ekki heimilt að miðla til áskrifenda hvort að upplýsingar af lokuðu skránni hafi áhrif á matið. Með þessu hafa vanskil tiltölulega fljótt áhrif á lánshæfismat sem dregur úr líkum á að lántakar skuldsetji sig um efni fram og er þar jafnframt kominn hvati fyrir skuldara að greiða upp vanskil. Komið hefur fram í máli

fjárhagsupplýsingastofunnar Experian að sjöundi hver aðili sem fær á sig skráningu í lokuðu skránni fari inn á opnu skrána innan 12 mánaða⁶.

Creditinfo fagnar því að heimilt sé að nota upplýsingar við gerð lánsþæfismats sem einstaklingar samþykkja með óþvinguðu, sértæku, upplýstu og ótvíræðu samþykki að nýttar verði við gerð matsins. Þar með gefst einstaklingum kostur á að miðla viðbótarupplýsingum við gerð matsins, þar á meðal jákvæðum upplýsingum, en skortur hefur verið á heimildum til að nýta jákvæðar upplýsingar við gerð lánsþæfismats.

Creditinfo hefur bent á það í athugasemdum sínum við fyrri starfsleyfisdrög að rýmka þurfi heimildir til skráninga á vanskilaskrá og/eða auka við heimildir til að vinna með upplýsingar um vanskil á fyrri stigum eða skuldastöðu við gerð lánsþæfismats. Bæði fjárhæðamörk og að skilyrði sé að löginheimta sé hafin gerir það að verkum að bæði líður langur tími þar til einhver teikn eru á lofti um að einstaklingur sé kominn í vanskil og auðvelt er fyrir þá að skuldsetja sig víða á skömmum tíma án þess að nokkur merki séu um að viðkomandi muni ekki ráða við skuldbindingar sínar. Fjárhæðamörkin og krafa um lögfræðiiinnheimtu leiða síðan til þess að margir kröfuhafar sem hafa lánað eða veitt þjónustu fyrir lágum fjárhæðum eiga þess ekki kost að fá kröfur sínar endurgreiddar þar sem þær eru ekki tækar til skráningar á vanskilaskrá, hafa ekki áhrif á lánsþæfismat og lögfræðiiinnheimta of kostnaðarsöm til þess að það borgi sig að halda innheimtuaðgerðum til streitu. Framangreint getur leitt til aukins skuldavanda einstaklinga og aukinna afskrifta lánveitenda og þjónustuveitenda sem síðan skilar sér út í verðlagið.

Lánsþæfismatslíkan Creditinfo hefur staðfest að upplýsingar um vanskil í fortíðinni hafa mikið spágildi um vanskil í náginni framtíð en lánsþæfismat félagsins metur líkur á greiðslufalli og skráningu á vanskilaskrá á næstu tólf mánuðum. Creditinfo hefur skv. starfsleyfi haft heimild til að vinna með fyrrum skráningar á vanskilaskrá, þ.e. söguleg vanskil, í fjögur á frá skráningu. Creditinfo lagði til í athugasemdum sínum við fyrri starfsleyfisdrög að gerðar yrðu breytingar á ákvæðum sem heimila vinnslu sögulegra gagna við mat á lánsþæfi. Lagt var til að áfram yrði fjárhagsupplýsingastofu heimilt að nýta upplýsingar um fyrrum skráningar í fjögur ár frá skráningu þeirra en að einnig yrði heimilt að nýta upplýsingar um fyrrum skráningar í tvö ár frá afskráningu þeirra færslna sem teknar eru af vanskilaskrá að hámarksmiðlunartíma liðunum, sem eru fjögur ár. Ef skuldari bregst ekki við innheimtuaðgerðum og vanskilaskráningu og greiðir ekki kröfu í þau fjögur ár sem hún er skráð á vanskilaskrá að hámarki er eðlilegt að slíkar upplýsingar hafi áhrif í einhvern tíma á lánsþæfismat viðkomandi, þegar litið er til tilgangs lánsþæfismatsins, en eins og segir m.a. í greinargerð með frumvarpi til laga um neytendalán skal með lánsþæfismati meðal annars leitast við að staðreyna greiðsluvilja.

Í núgildandi drögum er gert ráð fyrir að heimilt verði að nýta upplýsingar um fyrri skráningar á vanskilaskrá í tvö ár frá afskráningu þeirra hvort sem um er að ræða afskráningu eftir greiðslu skuldar eða eftir að fjögurra ára hámarkstímabil miðlunar rennur út. Telur Persónuvernd að tíminn hvað þetta varðar sé hæfilega metinn tvö ár. Þegar tekin er ákvörðun um takmörkun á nýtingu upplýsinga við gerð lánsþæfismats, sem er nú þegar eins og að framan greinir takmarkaðri en gerist í nágrennalöndunum, getur hún vart byggst á því hvað teljist hæfilegt, heldur hlýtur að þurfa að líta til þess hversu mikil áhrif hún hefur á áreiðanleika matsins.

Það er ljóst af öllum þeim gögnum sem Creditinfo hefur aðgang að, að fjárhagsleg vandræði einstaklinga virðast mjög langvinn. Þar af leiðandi hafa upplýsingar um fyrri vanskil forspárgildi

⁶ Datatilsynet : Tilladelse 02-09-2005

um ný vanskil og því mikið vægi við mat á lánshæfi um langa tíð. Til dæmis má nefna að vanskilatíðni þeirra sem fóru inn á vanskilaskrá á tímabilinu fyrir 24-36 mánuðum og út af henni á sama tímabili er rúmlega sexföld (8,7% vs. 1,4%) miðað við þann hluta þjóðarinnar sem ekki hefur verið skráður á vanskilaskrá á síðustu 48 mánuðum. Ef eingöngu er lítið til þeirra sem fóru inn og út af vanskilaskrá á tímabilinu fyrir 36-48 mánuðum þá er vanskilatíðnin rúmlega þreföld (4,4% vs. 1,4%). Hvað varðar þann hóp sem er lengi inn á skrá þá sést að vanskilatíðni þeirra sem fóru inn á vanskilaskrá á tímabilinu fyrir 36-48 mánuðum en komu út af henni á síðustu 3 mánuðum er tæplega sexföld (8,0% vs. 1,4%) miðað við þann hluta þjóðarinnar sem ekki var skráður á vanskilaskrá. Að mati Creditinfo sýna þessar tölur að það myndi draga úr áreiðanleika lánshæfismats að takmarka notkun fyrri skráninga á þann hátt sem lagt er upp með í drögum að starfsleyfi og að réttara væri að heimila notkun allra vanskilaskráninga í allt að tvö ár frá afskráningu þeirra til viðbótar við fyrri heimildir sem heimila notkun í allt af fjögur ár frá skráningu.

Þá hefur Creditinfo lagt áherslu á að til þess að hægt sé að vinna áreiðanleg lánshæfismatslíkön þarf sá sem vinnur slík spálíkön að hafa gott aðgengi að upplýsingum. Til að geta þróað áreiðanlegt lánshæfismat, og jafnvel spáð fyrir um vanskil lengra fram í tímann, er mikilvægt að hafa aðgang að sem allra lengstri samfelldri sögu um vanskil. Hafa skal í huga að ekki er nauðsynlegt að hafa aðgang að persónugreinanlegum gögnum í þessum tilgangi og því leggur Creditinfo til að félaginu verði veitt heimild í starfsleyfi til að vista gögn með gerviauðkennum umfram þann 7 ára vistunartíma sem gerð er tillaga að í nýjum starfsleyfisdrögum. Lagt er til að útfærsla þessarar dulkóðunar verði gerð í samráði við Persónuvernd. Hér er átt við að geyma gögn þar til þau ná 10 ára aldri á formi sem nefnt er „Pseudonymisation“ og myndi ekki flokkast undir það að vera að fullu ópersónugreinanlegt. Hér þarf að hafa í huga að stærri lánveitendur í landinu búa yfir gagnlegum upplýsingum úr viðskiptamannasafni sínu til að þróa lánshæfismatslíkön og til að minni lánveitendur sitji við sama borð og hafi aðgengi að áreiðanlegu lánshæfismati þarf að tryggja fjárhagsupplýsingastofum aðgengi að gögnum til að þróa slík líkön. Hér þarf að horfa til samkeppnisstöðu lánveitenda sem og tækifæra til nýsköpunar á fjármálamarkaðnum. Þá leggur Creditinfo til að kveðið verði skýrar á um að fjárhagsupplýsingastofu sé heimilt að geyma upplýsingar um allar skráningar í 7 ár frá skráningu þeirra, þ.e. í 4 ár að hámarki til miðlunar en í 3 ár til viðbótar til að verða við beiðnum hinna skráðu um vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga og til að leysa úr réttmæti skráningar en jafnframt til að nýta söguleg vanskilagögn við gerð lánshæfismats. Telur Creditinfo að ákvæði greinar 5.3. sé ekki nægjanlega skýrt hvað varðar afskráningu og eyðingu gagna sem og nýtingu þeirra við gerð lánshæfismat.

Creditinfo fagnar því að í starfsleyfisdrögnum er kveðið á um að ekki einungis lánveitendur sem veita neytendalán geti aflað lánshæfismats heldur eigi það við um alla aðila sem veita fjárhagslega fyrirgreiðslu.

Varðandi heimild til vinnslu lánshæfismats hefur Persónuvernd talið að ekki sé hægt að byggja vinnsluna á upplýstu samþykki sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 2018 og bendir á að öflun skýrslna um lánshæfi sé mjög útbreidd í íslensku viðskiptalífi og oft lögskyld sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Án þess að það sé tekið skýrt fram í starfsleyfisdrögum eða meðfylgjandi bréfi Persónuverndar má ætla að Persónuvernd telji að vinnsla og öflun lánshæfismats geti annars vegar stuðst við 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, þ.e. að hún sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila þegar um neytendalán er að ræða og hins vegar 6. tölul. sömu greinar þ.e. að hún sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gæfir

nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra.

Persónuvernd telur mikilvægt að þó að ekki sé hægt að styðja vinnslu lánsþæfismats við samþykki breyti það ekki því að mikilvægt sé að hún samrýmist grunnreglunni um gagnsæi í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og eru í starfsleyfisdrögum sett fram ákvæði sem tryggja eiga slíkt gagnsæi. Creditinfo tekur undir það að mikilvægt sé að tryggja gagnsæi við vinnslu lánsþæfismats, sem og annarrar vinnslu fjárhagsupplýsinga, með aðgengi hinna skráðu að upplýsingum, sem og fullnægjandi fræðslu um vinnsluna. Kveða lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga skýrt á um meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga svo og um rétt hinna skráðu sem fjárhagsupplýsingastofu ber í einu og öllu að fara eftir.

Creditinfo leggur þó ríka áherslu á að til að mæta kröfum um öra þróun í fjártækni, sem væntanlega mun ekki draga úr á næstu árum, þurfa lánveitendur og aðrir sem hafa lögmeða hagsmuni af því að afla fjárhagsupplýsinga að geta innleitt slíka upplýsingaöflun inn í starfrænar og sjálfvirkar lausnir til að geta metið lánshæfi lántaka sinna á skjótvirkan og hlutlægan hátt. Sjaldnast er því fyrir að fara að lántaki mæti til lánveitanda til að sækja um fyrirgreiðslu og eru umsóknir um lánveitingu og aðra fyrirgreiðslu afgreiddar á skjótvirkan hátt með sjálfvirkum hætti oft á örfáum mínútum. Reglurnar þurfa því að styðja við þann raunveruleika sem er til staðar. Varðandi fræðluskyldu til hinna skráðu telur Creditinfo rétt að sú skylda hvíli á fjárhagsupplýsingastofu, sem ábyrgðaraðila vinnslu, fremur en áskrifanda sem kaupanda þjónustunnar.

Til að koma til móts við framangreind sjónarmið þarf að mati Creditinfo að breyta ákvæðum 3. gr. í fyrirleggjandi drögum. Í stað þess að fjárhagsupplýsingastofu verði skylt að útbúa staðlaða fræðslu sem liggja á frammi hjá þeim aðilum sem veita fjárhagslega fyrirgreiðslu leggur Creditinfo til að kveðið verði á um það í áskriftarskilmálum að áskrifendum sem sækja lánshæfismat á grundvelli lagaskyldu eða lögvarinna hagsmuna sé skylt að vísa til fræðslu og upplýsinga á vefsíðu Creditinfo um lánshæfismat og/eða veita einstaklingum upplýsingar um hvar megi afla slíkra upplýsinga.

Í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga á hinn skráði rétt á því að fá endurgjaldslausan aðgang að upplýsingum um vinnsluna, s.s. um hvaða breytur eru lagðar til grundvallar lánshæfismati, upplýsingum um tilgang vinnslunnar, um þær heimildir sem þeir sem veita fyrirgreiðslu hafa til að sækja lánshæfismat bæði við upphaf viðskiptasambands, vegna umsóknar um lánveitingu eða beiðni um aðra fyrirgreiðslu, svo og til vöktunar þess vegna áhættustýringar eftir að samnings samband kemst á. Persónuverndaðar upplýsingar eru ávallt aðgengilegar hinum skráðu á aðgangsstýrðum þjónustuvef fjárhagsupplýsingastofu auk þess sem hægt er að fá slíkar upplýsingar sendar á skráð lögheimili skv. Þjóðskrá. Þá getur Creditinfo ekki fallist á þá skyldu sem sett er fram í starfsleyfisdrögum að stofan eigi að veita hinum skráðu aðgang að lánshæfismati endurgjaldslaust hvænær sem er. Ekki verður séð að slík skylda hvíli á fjárhagsupplýsingastofu skv. gildandi lögum eða reglum og ekki séð að Persónuvernd geti lagt þá skyldu á fjárhagsupplýsingastofu að afhenda afurð sem framleidd er með miklum tilkostnaði endurgjaldslaust án nokkurra takmarkana.

Creditinfo telur að það geti valdið misskilningi að gerð verði krafa um að einstaklingur þurfi að leggja fram beiðni fyrir öflun og vöktun lánshæfismats og að beiðni verði lögð að jöfnu við samþykki, enda „beiðni“ ekki meðal vinnsluheimilda skv. 9. gr. laga nr. 90/2018. Ekki verður séð

að hægt sé að gera kröfur umfram þær kröfur til heimilda fyrir vinnslu sem persónuverndarlög kveða á um. Telur Creditinfo að það þurfi að vera ljóst að lagaskylda og lögvarðir hagsmunir séu nægar heimildir til öflunar og vöktunar lánshæfismats. Í þessu sambandi þarf m.a. að líta til þess að margir lánveitendur búa yfir stóru lánasafni sem þeim er skylt að áhættumeta og geta því haft lögvarða hagsmuni af því að afla lánshæfismats á allt lánasafnið sitt. Mörg lán í lánasöfnum íslenskra lánveitenda eru veitt til allt að fjöruþví ára og ef beiðni til vöktunar þarf að liggja fyrir þá er ljóst að langt er þangað til að lánveitendur geta farið að nýta þessar gagnlegu upplýsingar til áhættumats á lánasafni sínu. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir minni lánveitendur sem hafa ekki yfir að ráða greiningardeildum eða sérfræðingum á sviði áhættustýringar.

Creditinfo fagnar því að ný starfsleyfisdrög gera ráð fyrir að nýta megi upplýsingar um vaktanir innheimtuaðila við gerð lánshæfismats en óskar jafnframt eftir því að nota megi uppflettingar af innheimtuástæðu í ákveðinn tíma eftir að uppfletting er gerð, s.s. í mánuð, enda veiti það sterka vísbendingu um að einstaklingur hafi nýlega farið í vanskil eða verið í greiðsluferðileikum. Með sama hætti og með vöktun getur hinn skráði andmælt uppflettingu ef krafa sem er til innheimtu er umdeild. Creditinfo telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í starfsleyfi að andmælum við vöktun/uppflettingar af innheimtuástæðu verði komið á framfæri með sama hætti og kveðið er á um í 3. mgr. greinar 2.1.

3. Skráning mála á vanskilaskrá

Í fyrirbyggjandi starfsleyfisdrögum er gert að skilyrði skráningar á vanskilaskrá að löginheimta sé hafin gegn hinum skráða. Í athugasemdum Creditinfo við fyrri starfsleyfisdrög er lagt til að þessu skilyrði verði breytt og það rýmkað í samræmi við breytta innheimtuhætti. Reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gera það ekki að skilyrði að löginheimta sé hafin til að söfnun, skráning og miðlun upplýsinga hjá fjárhagsupplýsingastofu geti farið fram. Samkvæmt reglugerðinni er gerð krafa um að upplýsingarnar þurfa í eðli sínu að hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Drögin eru óbreytt hvað þetta varðar og ekkert er tekið á þessari athugasemd Creditinfo í bréfi Persónuverndar sem fylgir fyrirbyggjandi drögum.

Ljóst er að innheimtustarfsemi hefur breyst mjög mikið á undanförunum árum. Þær breytingar sem urðu með tilkomu innheimtufyrirtækja sem hófu svokallaða frum- og milliinnheimtu voru miklar. Þær breytingar eru ekki síður neytendum til hagsbóta, þar sem ákvæði um fruminnheimtu og milliinnheimtu, sem á árinu 2008 voru lögfest með Innheimtulögnum, kveða á um einfaldari og þar með ódýrari innheimtuleiðir og gefur skuldurum kost á að greiða vanskil með lægri vanskilakostnaði og oft á tíðum að semja um vanskilin án aukins kostnaðar. Þetta hefur þó leitt til þess að hin eiginlega lögfræðiiinnheimta hefst síðar og oft á tíðum löngu eftir að krafa fer í vanskil.

Stærstur hluti þeirra upplýsinga sem heimilt er að skrá á vanskilaskrá skv. drögnum eru skráningar á innheimtuaðgerðum þar sem lögfræðiiinnheimta er hafin eðli máls samkvæmt, s.s. dómur, áritaðar stefnur, árangurslaus fjárnám, nauðungarsölur og gjaldþrot. Þá er heimilt að skrá upplýsingar um vanskil þar sem hinn skráði hefur samþykkt að skuld sé fallin í gjalddaga með skuldaviðurkenningu eða gerð sáttar. Creditinfo telur nauðsynlegt að hægt sé að skrá kröfur á fyrri stigum vanskila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum enda gætu þrengri heimildir hvað þetta varðar hvatt innheimtuaðila til að ganga harðar fram í innheimtuaðgerðum, þvert á anda innheimtulaganna og er þá hagsmunum skuldara vikið til hliðar. Ljóst er að slíkar

upplýsingar falla undir það að vera upplýsingar sem í eðli sínu að hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða.

Creditinfo leggur til að skilyrði um að lögfræðinnheimta skuli vera hafin verði felld niður og að ákvæði um skráningar á vanskilaskrá verði einfölduð og að starfsleyfi heimili fjárhagsupplýsingastofu skráningar á opinberum innheimtuaðgerðum og upplýsingum sem falla undir það skilyrði að hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Áfram verði heimilt að skrá upplýsingar ef skuldari hefur gengist við að skuld sé fallin í gjalddaga með skuldaviðurkenningu eða gerð sáttar. Þá er lagt til að heimilt verði að afla hvort sem er frá opinberum aðilum eða áskrifendum. Ljóst er að fjárhagsupplýsingastofa getur ekki treyst á öflun upplýsinga frá hinu opinbera sbr. það sem fram kemur síðar í þessari umsögn, þar sem hinu opinbera er ekki skylt að afhenda fjárhagsupplýsingastofu viðkomandi upplýsingar. Þá leggur Creditinfo til að áskrifendur geti sent til skráningar á vanskilaskrá upplýsingar um vanskil sem varað hafa í 30 daga að því tilskyldu að skuldari hafi fengið senda innheimtuviðvörðun og að innheimtuaðili hafi að minnsta kosti framkvæmt tvær innheimtuaðgerðir í milliinnheimtu í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008. Þá verði gert að skilyrði að skuldara hafi verið tilkynnt um það í síðustu innheimtuaðgerð innheimtuaðila að verði krafa ekki greidd verði hún skráð á vanskilaskrá fjárhagsupplýsingastofu.

Verði ekki fallist á framangreint leggur Creditinfo til að heimilt verði að skrá kröfur á vanskilaskrá skv. 7. tölul. greinar 2.2.2. að 30 dögum liðnum frá gjalddaga að því skilyrði uppfylltu að skuldara hafi verið send innheimtuviðvörðun og að innheimtuaðili hafi að minnsta kosti framkvæmt tvær innheimtuaðgerðir í milliinnheimtu í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008. Þá verði gert að skilyrði að í bréfum innheimtuaðila komi fram að verði krafa ekki greidd geti það leitt til skráningar á vanskilaskrá. Þá telur Creditinfo nauðsynlegt að breyta ákvæðinu á þann veg að nægjanlegt sé að fram komi í texta lána- eða skuldaskjals eða annarra skjala sem tengjast skuldbindingum hins skráða, að komi til vanskila sé hægt að skrá þau á vanskilaskrá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig þarf að koma skýrt fram að þetta eigi við hvort sem um er að ræða undirrituð skjöl á pappírformi eða samning um fyrirgreiðslu sem viðkomandi hefur gengist undir með rafrænni undirritun eða annari fullnægjandi auðkenningu. Hér undir myndu t.d. falla úttektarheimildir, yfirdráttarheimildir, raðgreiðslur og leigusamningar.

Þá er lagt til að áskrifendur geti skráð á vanskilaskrá, óháð öðrum heimildum, upplýsingar um birtingar stefnu í samræmi við XIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Creditinfo hefur gert athugasemdir við fjárhæðamörk sem sett eru sem skilyrði skráninga frá áskrifendum sem og skráninga á árituðum stefnum og dómum frá héraðsdómstólum landsins. Persónuvernd telur eðlilegt að hafa hliðsjón af framkvæmd og löggjöf annars staðar á Norðurlöndum en líta beri til þess að verið sé að setja nýja skilmála án þess að sett hafi verið ný reglugerð um söfnun og miðlun fjárhagsupplýsinga og miða skuli því við þá framkvæmd sem verið hefur. Er því lagt til að fjárhæðamörk verði uppfærð m.v. vísitölu neysluverðs frá útgáfu starfsleyfis í september árið 2012. Ljóst er að leyfisskilmálar þeir sem eru til umsagnar eru í mörgu að breyta þeirri framkvæmd sem verið hefur enda eðlilegt þar sem gildandi leyfisskilmálar eru í grunninn orðnir gamlir og byggja á reglugerð sem er að verða tveggja áratuga gömul. Ekki verður séð að hendur Persónuverndar séu bundnar af gildandi reglugerð hvað þetta varðar, en hún setur engin skilyrði um fjárhæðamörk þegar kemur að skráningum á vanskilaskrá. Reglugerðin veitir einnig Persónuvernd vald til að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar við veitingu starfsleyfis, ef sérstaklega stendur á. Ætla má að margar þær breytingar sem á að gera á starfsleyfinu falli undir það að nú „standi sérstaklega á“, þ.e. umhverfið og kröfurnar hafa

breyst en regluverkið ekki fylgt þeim breytingum eftir hvað þetta svið varðar. Hvað varðar fjárhæðamörkin þá hefur væntanlega fyrir mörgum árum verið litið til Norðurlandanna við setningu ákvæða um fjárhæðamörk í starfsleyfið en í dag þarf að líta til þess hvernig öðrum heimildum til vinnslu fjárhagsupplýsinga er háttað sbr. það sem hefur áður komið fram. Creditinfo leggur til að fjárhæðamörkin verði lækkuð verulega eða felld niður.

Creditinfo hefur bent á að ekki sé unnt að fá upplýsingar um fjárhæðir dóma og áritaðra stefna frá dómstólum landsins. Persónuvernd bendir á það í bréfi sínu sem fylgir starfsdrögunum að það sé ábyrgð Dómstólasýslunnar að miðlun upplýsinga þaðan samrýmist gildandi starfsleyfisskilmálum og að vankantar eigi ekki að leiða til breytinga á leyfisskilmálum. Tekið skal fram að Creditinfo hefur átt í mjög góðum samskiptum við Dómstólasýsluna sem hefur miðlað þeim upplýsingum sem eru tiltækar til Creditinfo. Ný kerfi dómstólanna bjóða hins vegar ekki upp á miðlun upplýsinga um fjárhæðir og er því ekki um að ræða að þessara upplýsinga verði aflað frá Dómstólasýslunni. Creditinfo telur eðlilegt að vanskil skuldara sem hefur látið hjá líða að greiða skuld eða taka til varna við þingfestingu og hefur verið dæmdur til að greiða kröfu eða stefna árituð verði skráð á vanskilaskrá án tillits til fjárhæðar, eins og á við um aðrar opinberar upplýsingar sem skrá má á vanskilaskrá skv. grein 2.2.1. Upplýsingar um áritaðar stefnur og dóma sem skráðar eru á vanskilaskrá eru afar mikilvægar viðskiptalífni, lánveitendum til að meta láns hæfi og stýra áhættu sem og lögmönnum vegna innheimtustarfsemi þeirra. Verði sett fram fjárhæðarkrafa í starfsleyfi vegna skráningu áritaðra stefna og dóma er ljóst að ekki verður hægt að tryggja að skráðir verði dómur og áritaðar stefnur á vanskilaskrá vegna skorts á upplýsingum frá hinu opinbera.

Creditinfo hefur haft samband við fjölda innheimtufyrirtækja og lögmenn í innheimtustarfsemi sem eru skráðir sem umboðsmenn mála hjá héraðsdómstólum landsins. Staðfestu þeir við Creditinfo að málum vegna skulda undir kr. 50.000 væri nánast aldrei stefnt þar sem útlagður kostnaður við innheimtu væri slíkur, s.s. kostnaður við birtingu stefnu, þingfestingagjöld, gjöld fyrir mætingar lögmanna í fyrirtökur, að ekki svaraði kostnaði að fara með slík mál áfram fyrir dómstóla. Í mörgum tilfellum væru fjárhæðamörkin hærrí sem miðað væri við. Má því ætla að það myndi heyra til algerra undantekninga að skráð yrðu á vanskilaskrá dómur eða áritaðar stefnur fyrir lágum fjárhæðum.

Þá leggur Creditinfo til að skýt verði kveðið á um það að afla megi frá áskrifendum sömu upplýsinga og heimilt er að afla frá opinberum aðilum sbr. grein 2.2.1, s.s. um árangurslaus fjárnám, fjárnám með árangri og áritaðar stefnur. Gagnaskil við áskrifendur eru oft betri en við hið opinbera og jafnvel fást betri upplýsingar frá áskrifendum, sbr. það sem félagið stendur nú frammi fyrir með gagnasendingar frá Dómstólasýslunni sem og að upplýsingar um kröfuhafa við gerð árangurslausra fjárnáma skila sér ekki frá þjóðskrá, sem sér um gagnasendingar sýslumannsembættta, en vonir standa reyndar til að úr því síðast nefnda verði bætt.

Creditinfo telur nauðsynlegt að ef að tilgreint verði sérstaklega í ákvæði um heimild til öflunar upplýsinga úr opinberum gögnum komi fram að félagið hafi heimild til að safna öðrum opinberum upplýsingum en eru sérstaklega tilgreindar í ákvæðinu, svo framarlega að þau uppfylli það skilyrði að þær geti eðli sínu samkvæmt haft þýðingu og mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða og samningur hafi verið gerðir milli fjárhagsupplýsingastofu og viðkomandi birgja. Ákvæði síðustu greinar í drögum Persónuverndar um nýtt starfsleyfi þar sem kveðið er á um að meiri háttar breytingar á vinnslu persónuupplýsinga séu háðar leyfi Persónuverndar ættu að tryggja að ekki verði hafin ný vinnsla með upplýsingar á skrá um vanskil og opinberar gjörðir nema með samþykki embættisins.

Verði ekki fallist á framangreinda breytingu er óskað eftir því að við grein 2.2.2. verði bætt að fjárhagsupplýsingastofu sé heimilt að skrá upplýsingar af Válista Skattsins á skrá um vanskil og opinbera gjörðir.

Framangreindar efnisbreytingar eru lagðar til með það að markmiði að gera upplýsingar um vanskil aðgengilegrar. Fallist Persónuvernd ekki á auknar heimildir til vinnslu upplýsinga á skrá um vanskil og opinberar gjörðir leggur Creditinfo til að fjárhagsupplýsingastofu verði veittar auknar heimildir til að safna vanskiluppplýsingum frá áskrifendum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, á lokaða skrá, til að nýta við gerð lánshæfismats. Hendur Persónuverndar hvað varðar fjárhæðamörk, skilyrði um að löginheimta sé hafin og að um tilgreindar upplýsingar sé að ræða eru ekki bundnar af ákvæðum reglugerðar nr. 246/2001.

4. Tilkynningar

Creditinfo gerir athugasemdir við þær breytingar sem gerðar eru á ákvæðum um tilkynningar um uppflettingar í starfsleyfisskyldum skráum frá núverandi starfsleyfi. Í því starfsleyfi sem er í gildi í dag kemur fram í grein 2.9. og fjallar um samningsgerð við áskrifendur, að hinum skráða skuli ávallt veitt lögskyld fræðsla. Í því felist að þegar áskrifandi afli sér persónuupplýsinga um hinn skráða verði hinn skráði látinn vita af því. Skal tilkynning þar að lútandi send hinum skráða eigi síðar en mánuði frá uppflettingu. Ekki er fjallað um á hvaða formi slík tilkynning á að vera. Verklagið hefur verið með þeim hætti að sendar eru út með almennum pósti tilkynningar um uppflettingar einu sinni í mánuði vegna uppflettinga í mánuðinum á undan. Í tilkynningu um uppflettingar er hinn skráði upplýstur um það að framvegis verði tilkynningar sendar með rafrænum hætti inn á þjónustuvefinn MittCreditinfo.is. Hinir skráðu hafa aðgengi að tilkynningum sem og yfirliti uppflettinga á þjónustuvefnum auk þess sem hinir skráðu geta óskað sérstaklega eftir því að fá upplýsingar sendar á skráð lögheimili skv. Þjóðskrá.

Áskrifendur og Creditinfo hafa um árabil verið að leita leiða til að draga úr almennum póstsendingum hvað þessar tilkynningar varðar m.a. með tilliti til umhverfissjónarmiða, kostnaðar en ekki síst persónuverndar, enda eru upplýsingar veittar á aðgangsstýrðum svæðum mun öruggari en almennar bréfasendingar, sem geta lent í höndum rangra aðila. Ljóst er að verði gerð krafa um að ekki megi senda tilkynningar inn á aðgangsstýrð svæði nema með upplýstu samþykki hins skráða er ljóst að kostnaður við útsendingu þessara tilkynninga mun aukast gríðarlega, sem leggst með einum eða öðrum hætti á neytendur.

Creditinfo skilaði nýlega inn umsögn við áform Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um setningu laga um stafrænt pósthólf⁷. Í umsögn sinni telur félagið að ef Ísland á að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt öruggari tæknibreytingum eins og lögð er áhersla á í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé nauðsynlegt að víkka gildissvið þessara fyrirhuguðu laga þannig að þau nái í það minnsta jafnframt til þeirra tilkynninga sem einkaaðilum ber að senda samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Þrátt fyrir að fyrirhuguð lagasetning sé ekki komin lengra en raun ber vitni og eigi aðeins að gilda um samskipti einstaklinga og fyrirtækja við hið opinbera er enga að síður rétt að mati Creditinfo að líta til þeirra markmiða sem ríkisstjórnin hefur í þessum efnum.

⁷ Áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf, mál nr. 196/2020. Birt 24. september 2020.

Creditinfo telur að með framangreindu verklagi sem viðhaft hefur verið séu ákvæði um réttindi hinna skráðu skv. 17. gr. laga nr. 90/2018 og III. kafla persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) tryggð.

5. Önnur atriði

Um andmælarétt og meðferð andmæla

Lagt er til að 3. mgr. greinar 2.1. verði breytt á þann veg að það komi fram að andmælum megi koma á framfæri við kröfuhafa eða umboðsmann hans. Þá vill Creditinfo benda á það misræmi sem virðast vera á greinum starfsleyfisdraganna hvað varðar andmæli og meðferð þeirra. Samkvæmt grein 2.1. er skráning og miðlun upplýsinga um umdeildar skuldir óheimil ef skuldari hefur sannarlega komið andmælum við skuld á framfæri við kröfuhafa og greint honum frá ástæðu andmælanna. Þetta hefur verið túlkað á þá leið að fjárhagsupplýsingastofu þarf að hafa borist afrit tölvupósts eða bréfs sem inniheldur andmæli frá skuldara til kröfuhafa eða kröfuhafi hafi með tölvupósti, bréfi eða símtali upplýst fjárhagsupplýsingastofu um að skuldari hafi sannarlega andmælt skráningu vanskila. Í grein 5.1.1. kemur fram að í fræðslu skuli koma fram að ef ekki liggja fyrir réttargjörð sem staðfesti réttleika upplýsinga um vanskil, skuli geta þess í fræðslu að þeim verði eytt af skránni, snúi viðkomandi sér til stofunnar og andmæli tilvist kröfu eða fjárhæð hennar. Greina skal frá því að slíkri mótbáru megi koma á framfæri munnlega eða skriflega. Hér er ekkert getið um að skuldari þurfi sannarlega að koma andmælum og ástæðum þeirra á framfæri við kröfuhafa. Í grein 5.4. er síðan fjallað um andmælarétt hins skráða. Þar kemur fram hvernig fjárhagsupplýsingastofa skuli bera sig að þegar hinn skráði andmæli vinnslu, m.a. þegar hinn skráði telur vinnslu óheimila. Hér undir getur væntanlega fallið að krafa sé umdeild að mati hins skráða, en aftur á móti er ekkert fjallað um að andmæli þurfi sannarlega að bera upp við kröfuhafa heldur gert ráð fyrir að fjárhagsupplýsingastofa beri málið undir kröfuhafa.

Gögn vegna skráninga

Eins og kom fram í athugasemdum Creditinfo við fyrri starfsleyfisdrög þá eru allar gagnasendingar (innsendingar mála á vanskilaskrá) rafrænar, hvort sem um er að ræða skráningar frá áskrifendum eða frá hinu opinbera. Skjöl eða ljósrit skjala eru því ekki send til Creditinfo en áskrifendur og innheimtuaðilar þeirra senda þau skjöl og þær upplýsingar sem óskað er eftir og telur Creditinfo að slíkt sé nægjanlegt enda sé tryggt í samningum við áskrifendur að þessi skylda hvíli á þeim, þeir beri ábyrgð á innsendingu mála, og að viðhlítandi gögnum sé skilað innan tilhlýðilegs frests sé þess óskað. Í bréfi Persónuverndar sem fylgir með þeim starfsleyfisdrögum sem eru hér til umsagnar kemur fram að Persónuvernd fallist á þau rök Creditinfo að óraunhæft sé að fjárhagsupplýsingastofa geti ávallt búið yfir slíkum gögnum og er þar átt við gögn sem eru grundvöllur skráningar. Í 5. mgr. greinar 2.1. er kemur fram að fjárhagsupplýsingastofa skuli ávallt hafa á reiðum höndum nauðsynlegar upplýsingar um skráningu mála. Ekki verður það túlkað öðru vísi en svo að fjárhagsupplýsingastofa þurfi á hverjum tíma að hafa undir höndum öll gögn sem liggja til grundvallar skráningu. Í sömu grein kemur svo fram að fjárhagsupplýsingastofa skuli gæta þess að áskrifendur geti lagt fram afrit frumgagna, ef þörf krefur. Hér er því að mati Creditinfo ósamræmi innan sömu greinar. Þá segir í grein 2.2.2. að fjárhagsupplýsingastofa eigi að hafa fengið óbyggjandi skriflegar upplýsingar um skuldir sem skráðar eru á vanskilaskrá frá áskrifendum. Creditinfo telur að breyta þurfi þessum ákvæðum til samræmis við það sem að framan greinir, þ.e. að innsendingar mála fara fram með rafrænum hætti í gegnum vefþjónustur eða í gegnum þjónustuvef áskrifenda. Er því ekki um það að ræða áskrifendur sendi stofunni gögn til skráninga. Þá bendir Creditinfo einnig

á það að beiðni um skráningu kemur ekki undirrituð af lögmanni í þjónustu áskrifanda, sbr. það sem kveðið er á um í 7. tölul. greinar 2.2.2., sbr. það sem að framan greinir.

Fjárhæðamörk

Verði ekki fallist á framangreindar óskir um að fella niður skilyrði um fjárhæðamörk dóma og áritaðra stefna við skráningu á vanskilaskrá en bent á það ósamræmi sem er á 1. tölul. greinar 2.2.1. og 3.tl. greinar 2.2.2. Dóma og áritaðar stefnur má skv. þessu skrá frá áskrifendum ef krafa nemur a.m.k. kr. 60.000 að höfuðstóli en ef sömu upplýsingar koma frá opinberum aðilum þarf skuld að nema a.m.k. kr. 60.000 að höfuðstóli hver krafa. Lagt er til að orðin „hver krafa“ verði tekin út til að fyrirbyggja misskilning.

Miðlun persónuupplýsinga

Ósamræmis gætir í 2. mgr. greinar 4 þar sem talað er um miðlun upplýsinga sem eru skráð frá áskrifendum annars vegar og hins vegar miðlun upplýsinga úr opinberum gögnum. Hér þarf að koma fram að miðla megi upplýsingum í báðum tilfellum um nafn, heimilisfang og kennitölu skuldara, fjárhæð kröfu, dagsetning skráningar, málsnúmer, tegund kröfu (þ.e. hver er grundvöllur skráningar), ásamt nafni kröfuhafa og umboðsmanns. Bætt verður við núverandi miðlun upplýsingum um hvaðan upplýsingum úr opinberum gögnum eru fengnar í samræmi við síðustu málsgrein greinarinnar.

Vöktun á vanskilaskrá

Creditinfo gerir athugasemd við það að einungis innheimtuaðilum þar sem starfa lögmenn verði heimilt að vakta kennitölur á vanskilaskrá vegna innheimtu krafna. Ekki verður séð að innheimtuaðilar sem stunda frum-og milliinnheimtu og fengið hafa innheimtuleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans, sbr. 15. gr. innheimtulaga nr. 95/2008, eigi að hafa takmarkaðri heimildir hvað þetta varðar.

Þá gerir Creditinfo athugasemd við 5. mgr. greinar 4 um fræðsluskyldu. Er hér vísað til sömu röksemda og komu fram í athugasemdum um fræðslu vegna öflunar og vöktunar láns hæfismats.

Aðgangsskýrslur

Lagt er til að frestur fjárhagsupplýsingastofu til að skila beiðnum skv. grein 5.5. verði 30 dagar til samræmis við það sem kveðið er á um í persónuverndarreglugerð (ESB) 2016/679.

Atvikaskrá

Í 3. mgr. greinar 7.1. er kveðið á um að varðveita skuli upplýsingar úr atvikaskrá í tvö ár. Í reglugerð nr. 246/2001 er kveðið á um í 2. mgr. 6. gr. að slíkar upplýsingar skuli varðaveita í amk 2 ár. Creditinfo telur rétt að ákvæði í starfsleyfi sé í samræmi við ákvæði reglugerðar hvað þetta varðar.

Broð gegn skilmálum í áskriftarsamningi

Í síðustu málsgrein 6. gr. er kveðið á um það að komi í ljós að áskrifandi hafi brotið gegn áskriftarskilmálum í áskriftarsamningi beri að tilkynna það tafarlaust til Persónuverndar og jafnframt beri fjárhagsupplýsingastofu að rífta samningi ef skrá sé notuð í óheimilum tilgangi tvisvar á 12 mánuðum og eigi áskrifandi þess þá ekki kost að fá aðgang að skrá m fjárhagsupplýsingastofu fyrr en að 6 mánuðum liðnum. Creditinfo telur að þetta ákvæði þurfi að skýra nánar. Skyldur um tilkynningar öryggisbrots hvíla á félaginu skv. lögum nr. 90/2018 og félagið kveður vissulega á um það í samningum sínum við áskrifendur að komi til brota á ákvæðum samnings geti það leitt til riftunar. Hér þarf að líta til þeirra afleiðinga sem það kann

að hafa í för með sér t.d. fyrir stóran lánveitanda eða innheimtuaðila sem er með tugi eða jafnvel hundruð notenda ef að einn notandi brýtur af sér eða um er að ræða klár mistök eða tæknivillu.

Um breytingar, gildistíma o.fl.

Í fyrri starfsleyfisdrögum var kveðið á um að skilmálar leyfisins ættu að gilda þar til annað verði ákveðið. Í þeim drögum sem nú liggja fyrir segir að Persónuvernd taki skilmálana til endurskoðunar telji hún ástæðu til. Í báðum drögnum er tekið fram að leyfið öðlist gildi frá ákveðinni dagsetningu en einnig gert ráð fyrir að það renni út á tiltekinni dagsetningu. Creditinfo óskar eftir því að breyting verði gerð þar á og að leyfið haldi gildi sínu þar til annað er ákveðið.

6. Niðurlag

Creditinfo bindur vonir við að sú vinna sem nú fer fram við endurnýjun starfsleyfisskilmála fjárhagssupplýsingastofa verði til þess að skýra þær reglur sem um þetta mikilvæga svið gilda þar til sett hafa verið nánari ákvæði um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust í reglugerð eða löggjöf.

Ísland hefur tækifæri til að vera framúrskarandi á mörgum sviðum. Til þess að svo megi vera þurfa einstaklingar og fyrirtæki að hafa gott aðgengi að fyrirgreiðslu. Með skýrum reglum um aðgengi og skilvísa miðlun upplýsinga þar sem persónuverndar og upplýsingaöryggis er gætt í hvívetna er hægt að stuðla að betri áhættustýringu, betri lánakjörum, greiðara aðgengi að fjármagni, sanngjarnari og hraðari lánaákvörðunum og síðast en ekki síst betri neytendavernd og ábyrgari fjármálahegðunar.

Að lokum vill Creditinfo þakka Persónuvernd fyrir gott samstarf við endurnýjun starfsleyfisskilmála fyrir fjárhagssupplýsingastofur.

Virðingarfyllst,
f.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Brynja Baldursdóttir
framkvæmdastjóri